

var afar-stór varta, sem óx utan á há-kinnbeininu hægra megin. Mikla raun hafði Ólafur af þeirri óhræsis vörtu, og mikið reyndi hann til að koma henni fyrir bord: hann bar á hana allar mögulegar eitur-sýrur, hann brendi hana með glóandi járn, og hann reyrdi hana af aftur og aftur, en það var alt árangurslaust; vartan spratt upp aftur jafnharðan og óx og dafnaði því meir sem meir var reynt til að eyða henni. Og Ólafur sá að lokum, að bezt var að láta hana eiga sig. Og vartan sat alltaf á há-kinnbeininu á honum, eins og flagi á seyðhjalli. — Ólafur var framútskarandi hægur og gætinn og orðvar; hann talaði fátt og hugsaði sig lengi um, áður en hann talaði. Sjaldan staðhæfði hann neitt. „Það mun eiga að vera þannig,“ sagði Ólafur, eða „ég hygg það sé þannig.“—En þá mátti maður líka vera viss um, að það var rétt, sem hann fór með. Svo glögt auga hafði hann, að hann þekkti, svo að segja, hvern mann aftur, sem hann hafði einusinni séð; og hann gleymdi því traudega, sem hann einusinni lærði á annað bord. Enginn fjörmaður var hann, og seinn var hann í öllum snúningum og leit sjaldan til hliðar, en virtist þó verða var við alt, sem fram fór í kringum hann. Aldrei varð ég þess var, að hann yrði hræddur, eða bilt við neitt; og ég er nærri viss um, að hann hefði ekki hrokkið við, þó að sprengikúla hefði komið niður skamt frá honum; hann hefði að sönnu forðað sér frá, en hann hefði ekki farið sér neitt óslega að því. — Það þurfti engan mannþekkjara til að sjá það, að Ólafur hafði heilbrigða sál í heilbrigðum líkama, að hann var stöðugur í áformi sínu, og maður, sem óhætt var að treysta og gott var að eiga fyrir vin. Það gjörði mann hugrakkan og þolgóðan að kynnast honum. „Það mun eiga svo að vera,“ sagði Ólafur.

Hinn þriðji hét Skúli Eyjólfsson, bóndason frá